



### Tilfærsla hreindýra og breyting á veiðikvóta 2013

Vegna fjölmargra fyrirspurna um tilfærslu hreindýra sem endurspeglast í veiðikvóta 2013 tók Náttúrustofan saman eftirfarandi pistil.

Í töflunni hér að neðan er tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2013 og skipting hans á ágangssvæði og samanburður við 2012. Þar sést að stærstu breytingarnar eru að kvótinn eykst nyrst á svæðinu, minnkar á Miðausturlandi en eykst mest frá Breiðdal og suður í Lón.

	Ágangssvæði	2012			2013				Breyting á kvóta
		♀	♂	Σ		♀	♂	Σ	
1	Vopnafjörður	15	22	37	1	36	30	66	+29
2	Jökuldalur A, N og Selland	87	60	147	2	45	64	109	-38
3	Jökulsárhlið utan Sellands	4	15	19	3	6	15	21	+2
4	Hróarstunga	18	6	24	4	2	5	7	-17
5	Fell	33	7	40	5	3	5	8	-32
6	Fljótsdalur	95	25	120	6	30	10	40	-80
7	Borgarfjörður	30	45	75	7	45	35	80	+5
8	Hjaltastaðapinghá	12	10	22	8	3	10	13	-9
9	Eiðapinghá	10	13	23	9	3	13	16	-7
10	Vellir A og V	11	5	16	10	8	18	26	+10
11	Skriðdalur A og V	22	35	57	11	40	55	95	+38
12	Mjóifjörður og Seyðisfjörður	9	20	29	12	10	14	24	-5
13	Eski- og Norðfjörður	5	20	25	13	5	35	40	+15
14	Reyðarfjörður	30	8	38	14	20	8	28	-10
15	Breiðdalur	15	18	33	15	33	40	73	+40
16	Djúpivogur	120	67	187	16	241	184	425	+238
17	Hornafjörður (Lón)	35	18	53	17	45	31	76	+23
18	Hornafj. bær (Nes)	12	7	19	18	23	14	37	+18
19	Hornafj. (Mýrar og Suðursveit)	25	20	45	19	25	20	45	0
	Samtals kvóti 2012 og 13	588	421	1009		623	606	1229	+220


Lífið væri auðvelt ef við gætum gefið einfalda skýringu á tilfærslu hreindýranna. Eins og svo oft í náttúrunni eru ástæðurnar eflaust samspil nokkurra þátta.

Það sem kemur fyrst upp í hugann er að hreindýrin hafi hugsanlega gengið nærri kjörgróðri sínum eða hann rýrnað vegna tíðarfarsog þess vegna séu þau að leita í betri haga. Gróður og beit hafa lítið verið vöktuð á Snæfells-/Fljótsdalsöræfum og því erfitt að meta þennan þátt en sem komið er.

Náttúrustofan fylgist hins vegar með fjölda dýra með árlegri talningu í júlíbyrjun svo og fallþunga veiddra dýra.

Fyrir 2002 gekk Snæfellshjörðin fyrst og fremst á Vesturöræfum vestan Snæfells að sumri. Árið 2002 breyttist það og þau fluttu sig út á Fljótsdalsheiði og á sama tíma léttust dýrin. Meðal annars þess vegna var kvótinn hækkaður á svæði 2 á þessum árum til að fækka þeim í von um að dýrin þyngdust. Upp úr 2008 jókst fallþungi kúnna en þá höfðu mörg þeirra leitað yfir á svæði 6 og 7. Á þessu tímabili var meðalfallþungi 3-5 ára mylkra kúa hæstur árið 2002, 41.5 kg en minnstur 37.5 kg árið 2008 (1. mynd).

Það sem flækir þessa mynd er að sama tilhneiging sést í breytingu á meðalfallþunga kúa á svæðum 3 til 8 þ.e. á fjarðarsvæðum fjarri skarkala framkvæmda á Fljótsdalsöræfum. Það segir okkur að orsaka sé fyrst og fremst að leita í tíðarfarinu eða þeim umhverfisþáttum sem hafa bæði áhrif á Austfjarða- og Fljótsdalsöræfahreindýrin.



1. mynd. Samanburður á fjölda breindýra í Snæfellshjörð á mismunandi svæðum og meðalfallþunga 3-5 ára mylkra kúa árin 2000 til 2012 á svæði 2 (rauð lína) og svæðum 3-8 (blá lína).

Benda má á að tilfærsla hreindýra af Fljótsdalsheiðinni austur fyrir Jökulsá í Fljótsdals er ekkert einsdæmi og talið að það hafi síðast gerst að einhverju marki á áttunda áratugi síðustu aldar. Talningar sýna þó að þrátt fyrir að þau sáust lítið á Fljótsdalsheiði á veiðitíma og á vetrum á þessum árum þá skiluðu þau sér alltaf inn á Vesturöræfi í sumarhaga. Það sem virðist því vera öðruvísi núna er að þau yfirgáfu Vesturöræfin nær algjörlega 2003-2004 og 2007-2008 og gengu meira austan Snæfells.

Vísbendingar eru um að hluti dýra af Fljótsdalsheiði hafi einnig leitað norður fyrir Jökulsá á Dal og ekki skilað sér aftur.

Tillögur Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta taka mið af því að dýrin séu hvergi fleiri en  $1/\text{km}^2$  á grónu landi. Auk þess að kynjahlutfall sé sem næst fjórir tarfar á hverjar sex kýr. Þéttleiki hreindýra á veiðisvæði 7 (sveitarfélaginu Djúpavogi) reyndist vera a.m.k.  $2.2 \text{ dýr}/\text{km}^2$  sem skýrir háan veiðikvóta þar. Meðalþéttleiki á öllu Austurlandi er um  $0.5 \text{ dýr}/\text{km}^2$ .

Því miður er hreindýravöktunarskýrsla Náttúrustofu Austurlands fyrir 2012 og tillaga um veiðikvóta 2013 ekki enn tilbúin en þess í stað vísað í skýrsluna 2011 til að skýra stöðu stofnsins

[http://www.na.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=26&Itemid=38](http://www.na.is/index.php?option=com_content&view=article&id=26&Itemid=38)

**121. Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2011 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2012.**  
Egilsstaðir, febrúar 2012. [Skýrslan](#)

### Lokaorð:

Svar við spurningunni liggur ekki endanlega fyrir en verið er að vinna að tveimur skýrslum sem taka þetta fyrir að hluta.

Dreifing hreindýranna hefur verið að breytast frá 2002 en slíkar breytingar voru ekki óþekktar fyrir.

Breytingarnar nú fólust í fyrstu í því að dýrin komu seinna og stoppuðu skemur austan Snæfells, á Vesturöræfum og innri hluta Fljótsdalsheiðar. Einnig leituðu dýrin meira í austur og jafnvel vestur/norður á sumrin og hættu svo að lokum nær alveg að koma út á Fljótsdalsheiði og inn á Vesturöræfi.

Ástæður fyrir breyttri dreifingu eru að öllum líkindum margþættar.

-Eðlileg viðbrögð við breytingum í árferði með tilheyrandi breytingum á gróðri og snjóa/ísalögum

-Breytingar á gróðurfari vegna aukins beitarálags er hreindýrum fjölgaði á Fljótsdalsheiði fram til 2006 auk þess sem þau héldu til á heiðinni stóran hluta vetrar á nokkurra ára tímabili í stað þess að koma niður í byggð. Á sama tíma jókst fjöldi heiðagæsa mjög mikið og beitarálag þeirra gæti verið marktækt á ákveðnum afmörkuðum svæðum sem hreindýrin hafa einnig nýtt s.s. í Töðuhraukum í Kringilsárrana. Eðlilegt er að áhrif beitar komi ekki fram í breyttri dreifingu fyrr en einhverjum árum eftir að fjöldi dýra nær hámarki

-Miklar framkvæmdir í hjarta vor- og sumarútbreiðslu Snæfellsjarðar svo og aukin umferð á Fljótsdalsöræfum gátu haft tímabundin áhrif á ferðir og dreifingu dýranna. Við teljum þó líklegt að gróður og tíðarfar spili hér stærsta þáttinn í tilfærslu hreindýranna